

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins til þess notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld sín. Ákvörðun um lokun tilkynnist með 14 daga fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða símskeyti. Kostnað af slíku greiðir sá, sem vanskilum veldur.

7. gr.

Starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að stilli-krönum, hemlum og ef settir verða mælar eða önnur stillitæki, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta fyrir mælum starfsmanna hitaveitunnar gegn misnotkun heita vatnsins.

8. gr.

Heimilt er stjórnarnefnd Laugaráshéraðs að hækka eða lækka gjöld í gjaldskrá þessari um allt að 20% án staðfestingar ráðuneytisins, þó ekki nema til eins árs í senn.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af stjórnarnefnd Laugaráshéraðs staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. jan. 1953 um hitaveitur utan Reykjavíkur til að öðlast gildi frá 1. janúar 1968 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 215 10. september 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Hafnarfirði.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt) er óheimilt í Hafnarfirði, nema með sérstöku leyfi bæjarráðs.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr., skal senda umsókn um það til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur bæjarráð að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið; má veita það til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þess tekur til, skal lög-reglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörzlu hans, og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því.

Sama gildir, ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárnsins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir leyfi til bú-fjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfið er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi, þó ekki yfir kr. 1000.00 á ári. Gjaldi þessu sé varið til vörzlu bæjarlandsins.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 5000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjórhold í kaup-stöðum og kaupúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 170 1958, um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Neskaupstað.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, kr. 500.00 af hverri íbúð og auk þess 1% af fasteignamati húss og lóðar.

2. gr.

Í stað „50 aurar“ í 2. mgr. 2. gr. komi „kr. 2.00“.

Ný málsgrein, sem verður 3. mgr., bætist inn í 2. gr., svo hljóðandi:

„Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 200.00. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað“.

Síðasta mgr. 2. gr. „Árlegur vatnsskattur o. s. frv.“, falli niður.

3. gr.

Í stað „1. júní“ í 5. gr. komi „15. janúar“.